

Fundur haldinn 29.06. 2020 kl. 11:00, (fjarfundur /TEAMS). Mætt: Gauti Jóhannesson formaður, Björn Ingimarsson, Karl Óttar Pétursson, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Jón Þórðarson og Sigurbjörn Marinósson. Helgi Gíslason mætti á fund undir liðnum önnur mál.

Formaður stjórnar setti fund og stýrði honum.

**Dagskrá fundarins.**

1. Starfsemi Skólaskrifstofu í kjölfar sameiningar sveitarfélaga
2. Önnur mál

1. Formaður undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaga fór yfir framkomnar hugmyndir um framtíðar fyrirkomulag skólaþjónustu í kjölfar sameiningar Borgarfjarðar eystri, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Stjórnin er sammála um mikilvægi þess að allar ákvarðanir og stefnumótun sé unnin í upplýstu samráði við aðildarsveitarfélög og starfsfólk.

Stjórn SKA stefnir að því að funda með starfsfólki SKA á haustdögum.

2. Önnur mál.
  - Forstöðumaður kynnti bréf fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar þar sem óskað er eftir sálfræðingi SKA í hálfst stöðugildi í Austurlandslíkanið sem Fjarðabyggð er að innleiða. Stjórnin sammála um að fresta afgreiðslu málsins um óákveðinn tíma.
  - Forstöðumaður greindi frá góðri skráningu á endurmenntunarnámskeið SKA fyrir leik- og grunnskólakennara í ágúst nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson